



Efnahags- og fjármálaráðuneytið
b.t. Skrifstofu fjármálamarkaðar
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 19. febrúar 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) styðja áform um að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og auka vægi skynsemisreglu í stað stífra magntakmarkana. Slíkar breytingar geta styrkt getu sjóðanna til að ráðstafa fjármagni með langtímahagsmuni sjóðfélaga og þjóðarbúsins að leiðarljósi.

Rýmri heimildir skapa mikilvægt svigrúm til aukinnar þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun nýsköpunar og vaxtarfyrirtækja, einkum í hugverkaiðnaði og hátæknigreinum. Með virkari þátttöku í nýsköpun geta sjóðirnir stuðlað að aukinni verðmætasköpun, fjölgun háframleiðnistarfa og fjölbreyttari útflutningi. Slíkar fjárfestingar styðja jafnframt við dreifingu áhættu og styrkja tekjugrundvöll framtíðarlífeyris til lengri tíma.

Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs ræðst í vaxandi mæli af aðgengi að langtímafjármagni. Mikilvægt er að lagaumgjörð lífeyrissjóða sé samkeppnishæf í alþjóðlegu samhengi og styðji við uppbyggingu vaxtargreina hér á landi. Samhliða þarf að tryggja að heildarumhverfi nýsköpunar sé hagstætt, m.a. með því að einfalda regluverk þannig að þær styðji við vöxt og uppbyggingu fyrirtækja.

Samtök iðnaðarins telja að rétt útfærðar breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða geti orðið mikilvægur liður í að efla hagvöxt, auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs, án þess að slakað sé á kröfum um ábyrgð og varfærni í áhættustýringu.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla Tinna Stefánsdóttir
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI